

Örug matvæli – allra hagar!

Innflutningseftirlit og mikilvægi öryggis matvæla

Mikið bar á umfjöllun um hættuleg matvæli í fjölmöðlum yfir vetrarmánudöina. Fjöldi dauðsfalla í Kína mátti rekja til melamíns sem bætt var út í mjólkurduft til að auka próteingildi þess. Svínakjöt frá Írlandi var innkallað í 22 löndum vegna dífóxíns sem barst í svínin með olíumenguðu föðri. Hnetusmjör frá Bandaríkjunum sem mengað var af salmonelli olli því að nokkrir dóu og þúsundir manna veiktust. Ljóst er að þörfin fyrir skilvirkt innflutningseftirlit er brýn til að fyrirbyggja að hættulegar vörur berist á markað.

Matvælastofnun fer með innflutningseftirlit með matvælum. Eftirlitið felst í að tryggja að öll innflutt matvæli standist kröfur gildandi reglugerða og að bregðast við ábendingum um hættulegar vörur á mörkuðum. Komi í ljós að vara brjóti í bága við gildandi reglur sendir Matvælastofnun tilkynningu til innflytjanda og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru tíu og fara þau með eftirlit á markaði undir yfirumsjón Matvælastofnunar. Heilbrigðiseftirlitið, í samstarfi við innflytjanda, sér til þess að varan



Morgunblaðið/Kristinn

Maturinn Matvælastofnun fer með innflutningseftirlit með matvælum.

verði innkölluð og er fréttatilkynning send út til að upplýsa neytendur um hættuna. Slík vara gæti t.d. verið túnfiskur sem meðhöndlaður er með kolmónoxíði (cold smoke) til að gera hann „rauðan og ferskan“, svo dæmi sé tekið. Hér gilda jafnframt strangar reglur um innflutning á matvælum af dýrauppruna vegna smitvarna, m.a. til verndunar íslenska húsdýrastofninum.

Matvælastofnun er tengiliður Íslands við viðvörunarkerfi ESB- og EFTA-ríkjanna fyrir matvæli og föður. Ísland fær sendar viðvaranir með tölvupósti daglega um vörur sem eru hættulegar eða ólöglegar.

Árið 2008 bárust 7.000 tilkynningar frá viðvörunarkerfinu.

Öryggi innfluttra matvæla og innflutningseftirlit verða til umfjöllunar á fræðslufundi Matvælastofnunar sem haldinn verður á Stórhöfða 23 (Grafarvogsmegin) þriðjudaginn 31. mars kl. 15-16. Þar verður jafnframt fjallað um eftirlit með innflutningi á lifandi dýrum, landamæraeftirlit með sjávarafurðum og áhrif innleiðingar nýrrar matvælaöggjafar á milliríkja viðskipti með matvæli og skipulag opinbers eftirlits.

Herdís M. Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun.